

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Öxarfjarðarhreppi 2004.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Öxarfjarðarhreppi er samþykkt í sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps með vísan til samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.

2. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

Heimili á Kópaskeri	kr. 12.000 fyrir heimili
Heimili utan þorpsins	kr. 10.000 fyrir heimili
Fyrirtæki m.v eitt pokagjald á viku	kr. 15.000
Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald fyrir förgun sorps (annast sjálf leigu gáma og flutning á förgunarstað)	kr. 30.000
Sumarhús	kr. 5.000

Gjalddagar eru sömu og vegna fasteignagjalda.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps 23. janúar 2004, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. samþykkt sveitarfélaga nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra samþykkti gjaldskrána þann 9. janúar 2004

Kópaskeri, 16. febrúar 2004.

Elvar Árni Lund sveitarstjóri.